

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 28. apríl 2021

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis, með tölvupósti dags. 15. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni tillögunnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

I.

Leggja þarf ríkari áherslu í landsskipulagsstefnu á að land sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði, hvort sem er ræktarland eða annað nýtanlegt land til landbúnaðar, þ.m.t. afréttir, verði varðveitt sem slíkt. Fjallað er um loftslagsvæna landnotkun undir kafla 5.3 og kveðið á um að skipulag skuli stuðla að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Þá er í kafla 5.3.4 fjallað um sjálfbæra framleiðslu matvæla. Í skýringum í greinargerð segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli lítið til möguleika á ræktun og framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor. Bændasamtökin benda á að enn sem komið er eru ekki til staðar samræmdir staðlar sem veitt geta áreiðanlegar upplýsingar um kolefnisspor matvæla. Að sama skapi hafa ekki verið lögfest viðmið um sjálfbærni. Þar sem vísað er til þessara hugtaka sem markmiðs er því nokkuð óljóst að hverju er stefnt. Að auki þarf að gæta að samræmingu aðgerða við aðrar áætlanir hins opinbera.

II.

Í kafla 6.1.4 er gert ráð fyrir að við skipulagsgerð sveitarfélaga sé lagt mat á ræktunarskilyrði á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands með það að markmiði að varðveita land sem hentar vel til ræktunar. Gert er ráð fyrir í kafla 6.1.7 að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um gerð leiðbeininga um skipulagsgerð á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands. Markmið þessarar vinnu er að varðveita það land sem hentar vel til ræktunar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skipulagsstofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi gáfu út leiðbeiningar um afmörkun og flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni þess til ræktunar í mars 2021. Leiðbeiningunum er ætlað að auðvelda sveitarfélögum flokkun landbúnaðarlands innan sinna marka með tilliti til ræktunarmöguleika matvæla og/eða fóðurs og stuðla að því að slík flokkun sé unnin með samræmdum hætti. Sé landbúnaðarland flokkað í samræmi við leiðbeiningarnar auðveldi það ákvarðanatöku sveitarfélaga við aðalskipulagsgerð í samræmi við markmið jarðalaga en markmið jarðalaga er m.a. að tryggja svo sem kostur er að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé áfram varðveitt til slíkra nota og að fæðuöryggi sé tryggt til framtíðar. Samkvæmt því sem segir í kafla 6.1.7 um endurskoðaða landsskipulagsstefnu

2015-2026 má gera ráð fyrir að Skipulagsstofnun útbúi aðrar leiðbeiningar til viðbótar fyrrgreindum flokkunarleiðbeiningum. Bændasamtökin leggja áherslu á að í landsskipulagsstefnu og leiðbeiningum sem settar eru á grundvelli hennar eða jarðalaga komi skýrt fram að allt land sem ýmist er í notkun sem landbúnaðarland eða er vel til þess fallið sé varðveitt sem slíkt, hvort sem um ræðir ræktarland eða annað landbúnaðarland. Horfa þurfi til mögulegra búrekstrarnota af landinu í framtíðinni og fæðuöryggis.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímisdóttir